

Umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni
viðauki II við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni

Þóknun ráðsmanna

Ráðsmenn fá greidda fasta þóknun á mánuði fyrir setu í ráðinu. Þóknun formanns er 200.000,- kr., þóknun annarra aðalmanna er 100.000,- kr. og þóknun varamanna 50.000,- kr. á mánuði.

Auk fastrar þóknunar er greidd sérstök þóknun fyrir hvert mál sem kemur til úrskurðar ráðsins. Þóknun formanns er 400.000,- kr. fyrir hvert mál en þóknun annarra sem taka þátt í meðferð málsins, hvort sem það eru aðal- eða varamenn eru 300.000,- kr.

Úrskurðir varðandi umgengnismál sbr. 74. og 81. gr. vbl. hafa lægri þóknun. Formanni er greiddar 150.000,- kr. og öðrum ráðsmeðlimum 100.000,- kr. Úrskurðir um systkini teljast sem ein fyrirtaka eða greiðsla.

Óski barnaverndarþjónustur að fundir séu haldnir í heimahéraði, ber þeim að greiða ráðsmeðlimum ferðakostnað og dagpeninga eða útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum.

Sveitarfélög er standa að umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni geta endurskoðað ofangreindar upphæðir með sameiginlegri ákvörðun þar að lútandi sbr. 8. gr. samnings um umdæmisráð.

Gildistaka

Viðauki II við samning um sameiginlegt umdæmisráð á landsbyggðinni, tekur gildi með staðfestingu aðildarsveitarfélaga á samningnum á rafrænu formi.